

## Paulinn 2023 - Fullorðnir

### Bæjarfjall við Dalvík

Bæjarfjall er 774 m hátt.

Leiðin liggur til Dalvíkur. Lagt er af stað í gönguna frá Dalvíkurkirkju og gengið upp malarveg sem liggur til fjalls. Þar sem vegurinn greinist er sveigt til hægri, þar sem er upphafsskilti leiðarinnar. Gengið er yfir brú á Brimnesá og upp með fallegu gljúfri sem þarna er. Áfram er gengið eftir vegslóða upp að girðingu. Þegar komið er upp á hálsinn opnast útsýni inn í dalinn sem heitir líkt og margir aðrir dalir í Svarfaðardal, tveimur nöfnum, annars vegar Upsadalur, þeim megin sem við stöndum en Böggvisstaðadalur hinu megin við ána.

Eftir að hafa farið í gegnum hliðið liggur stígur til norðurs. Framundan er þá framhlaup sem hefur fallið í fyrndinni og nefnist í daglegu tali Upsi. Gengið er um það bil hálf leið upp þetta framhlaup en sveigt þar til vinstri og stikum fylgt skáhallt inn hliðina þar til komið er í mynni Tungudals.

Nú er gengið beint upp hliðina og síðan eftir malarhrygg allar götur upp á fjallið að vörðu sem þar stendur.

Af fjallinu er frábært útsýni yfir Dalvík, inn í Svarfaðardal og Skíðadal, inn Eyjafjörð, út yfir Hrísey og allt til Grímseyjar.

Gengin er sama leið til baka.

Vegalengd báðar leiðir er 7 - 8 km. Gönguhækkun 660 m.

Göngutími er áætlaður 4 - 6 klst.